

Föstudagurinn 17. desember 1999 kl. 15:00

135. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 44/1999

Kaup Grænmetis ehf. á hlutabréfum í Ágæti hf.

I.

Málavextir

1.

Þann 8. nóvember 1999 birtust fréttir í fjölmiðlum um að fyrirtækið Grænmeti ehf. hefði keypt 95% hlut í Ágæti hf. af Búnaðarbanka Íslands hf. Eigandi Grænmetis er Þórhallur Bjarnason, garðyrkjubóndi að Laugalandi í Borgarfirði, og var hann stjórnarmaður í Sölufélagi garðyrkjumanna áður en kaupin áttu sér stað. Samkeppnisstofnun ákvað að kanna kaupin á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga um samruna og yfirtöku og beindi fyrirspurnum um kaupin til Þórhalls Bjarnasonar, Búnaðarbankans, Ágætis og Bananasölnunnar, móðurfélags Sölufélags garðyrkjumanna (hér eftir SFG), þann 12. nóvember 1999. Meðal annars var spurt um aðdraganda að kaupum og sölu á hlutabréfunum, óskað var afrita af öllum samningum og öðrum gögnum sem tengdust kaupunum eða sölnunni á einhvern hátt. Þá var spurt um eignatengsl og óskað eftir upplýsingum um hvort önnur fyrirtæki á markaði fyrir framleiðslu, innflutning og dreifingu á grænmeti hafi komið að viðskiptum með hlutabréfin. Samkeppnisstofnun bárust umbeðin gögn og upplýsingar frá framangreindum aðilum fyrir 24. nóvember 1999.

2.

Í svari Búnaðarbankans við fyrirspurn Samkeppnisstofnunar kom fram að fyrr á þessu ári hefðu forsvarsmenn SFG komið að máli við bankastjórn bankans og óskað eftir því að bankinn myndi kaupa 95% af hlutafé Ágætis fyrir milligöngu SFG, en forsvarsmenn SFG hefðu verið í sambandi við eigendur hlutabréfanna og verð og greiðslukjör þeirra hefðu legið fyrir. Fram kemur að SFG sé öflugur viðskiptavinur bankans og að lokinni skoðun á málinu hafi bankinn ákveðið að samþykkja erindi SFG og kaupa umrædd hlutabréf. Þann 10. júní 1999 hafi verið gerðir samningar milli bankans og SFG um kaup bankans á

hlutabréfunum og að ósk SFG hafi verið gengið svo frá málum í 3. gr. samninganna að SFG ætti síðar kauprétt að bréfunum ef slíkt væri lagalega heimilt. Þá segir í bréfi bankans: „Ástæða þess að SFG vildi ekki kaupa hlutabréfin sjálfst er sú verulega réttaróvissa sem ríkt hefur um túlkun á 18. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993...“. Vísar bankinn í því sambandi í dóm Hæstaréttar í máli Flugleiða gegn samkeppnisráði og ákvörðun samkeppnisráðs í máli um yfirtöku Baugs hf. á Vöruveltunni hf. Eftir kaupin hafi bankinn skoðað hvort unnt væri að láta 3. gr. samninganna um kaup SFG á hlutabréfunum koma til framkvæmda. Að sögn bankans varð niðurstaða þeirrar skoðunar sú að bankinn taldi ekki rétt að selja SFG umrædd hlutabréf, þar sem slík sala bryti mögulega gegn 18. gr. samkeppnislaga, þó ógerlegt væri að fullyrða nokkuð um það sökum þeirrar óvissu sem að mati bankans ríkti um túlkun ákvæðisins.

Að lokum segir í bréfi bankans:

„Um kaup bankans á hlutabréfum Ágætis hf. var fjallað í fjölmiðlum á sínum tíma og því var fyrirtækjum á þessu sviði kunnugt um að bankinn ætti bréfin. Forsvarsmaður Grænmetis ehf. hafði samband við bankann og óskaði eftir því að fá hlutabréfin öll keypt. Að fenginni framangreindri niðurstöðu ákvað bankinn að ganga til samninga við Grænmeti ehf. og selja því öll hlutabréfin. Samningar tókust og var kaupverðið staðgreitt til bankans þann 2. nóvember sl.

Auk Grænmetis ehf. höfðu forsvarsmenn Búrs hf. og Mata hf. samband við Búnaðarbankann vegna ofangreindra hlutabréfa en á þeim tíma var lögfræðilegri skoðun bankans skv. framangreindu ekki lokið og því varð ekki af frekari viðræðum við þessa aðila.“

3.

Fyrirspurn var einnig beint til kaupanda Ágætis, Þórhalls Bjarnasonar, og óskað ýmissa upplýsinga og gagna sem tengdust kaupunum. Í svarbréfi Þórhalls kemur fram að eftir að fréttir bárust um kaup Búnaðarbankans á hlutabréfum í Ágæti og kaupréttartími SFG rann út án þess að rétturinn væri nýttur, hafi þess orðið vart að stjórnendur Búrs hf. hefðu áhuga á að komast yfir bréfin. Í þeirri stöðu hafi Þórhallur ákveðið að kanna möguleika á að eignast hlutabréfin sjálfur. Hafi hann þá keypt fyrirtæki í eigu kunningjafólks, sem ekki hafði verið með rekstur um nokkurt skeið, Grænmeti ehf. Grænmeti hafi síðan aflað lánsfjár og náð samningum um kaup á hlutabréfum Búnaðarbankans í Ágæti. Jafnframt hafi Þórhallur sagt sig úr stjórn SFG og Bananasölnunnar. Sökum fyrri

afskipta SFG af sölu hlutabréfa í Ágæti innti Samkeppnisstofnun Þórhall eftir því hvort SFG hefði komið nálægt kaupum hans á hlutabréfunum. Fram kom hjá Þórhalli að hvorki SFG né fyrirtæki eða einstaklingar tengdir SFG hefðu með nokkru móti, hvorki beint né óbeint, formlega né óformlega, komið að kaupum hans á bréfum í Ágæti, sbr. einnig fund starfsmanna Samkeppnisstofnunar, Þórhalls og lögmanns hans þann 2. desember 1999.

4.

Samkeppnisstofnun bárust einnig gögn frá Ágæti og SFG, sem vörðuðu kaup og sölu á hlutabréfum í Ágæti. Í bréfi SFG kom fram að tilgangur félagsins með kaupum á hlutabréfum í Ágæti fyrir milligöngu Búnaðarbankans, hafi verið að leggja grunn að nýju og öflugum grænmetis-, ávaxta- og matjurtafyrirtæki hér á landi. Slíkt sé að mati SFG nauðsynlegt af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi sé nauðsynlegt að skapa mótvægi gagnvart þeirri samþjöppun eignarhalds sem átt hafi sér stað á markaði fyrir smásölu á matvælum hér á landi á síðustu árum. Þar séu ráðandi öfl annars vegar Baugur hf. og hins vegar Búr hf., sem ráði um eða yfir 90% af matvöruverslun hér á landi. Í öðru lagi megi ná fram mikilli hagræðingu með sameiningu fyrirtækja eins og Ágætis, Banana ehf. og SFG, undir hatti móðurfélagsins, Bananasölnunnar. Þetta muni skila sér í lægra vöruverði frá heildsölu til smásala og vonandi á endanum í lækkuðu vöruverði til neytenda, sem sé þó undir smásalanum komið. Í þriðja lagi sé sameining nauðsynleg til þess að ná betri samningum við erlenda birgja, sem sífellt verði stærri og færri.

Í bréfi SFG kemur fram að undirbúningur að sameiningu félaga tengdum SFG hafi þegar verið hafinn þegar Samkeppnisstofnun hafi gert athugun á starfsstöð fyrirtækisins þann 24. september 1999 í því skyni að rannsaka grunsemdir um ólöglegt samráð á markaði. Ekkert hafi því orðið af frekari vinnu að sameiningu og kemur fram að henni verði ekki haldið áfram fyrr en í fyrsta lagi eftir að Samkeppnisstofnun hafi lokið máli sínu sem hófst 24. september 1999. Hefjist sú vinna á nýjan leik verði það kynnt samkeppnisyfirvöldum.

Fram kemur í bréfi Ágætis að stjórn fyrirtækisins hafi talið hagsmunum þess best borgið með því að ganga að tilboði Búnaðarbankans og hafi því selt bréfin sem fyrirtækið átti sjálft. Fyrirtækið hafi ekkert annað markmið með sölnunni en að tryggja að sem hæst verð fengist fyrir bréfin. Þá segir í bréfinu að Ágæti hafi á árinu 1994 yfirtekið allan rekstur Grænmetis, eignir þess og skuldir.

II. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs þann 17. desember 1999 var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Atli Freyr Guðmundsson, Brynjólfur Sigurðsson, Karítas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Sigurbjörn Magnússon.

1.

Af þeim gögnum sem Samkeppnisstofnun hafa borist vegna þessa máls er ljóst, að fyrir á þessu ári hafði SFG frumkvæði að því að hluthafar í Ágæti seldu hluti sína í fyrirtækinu til Búnaðarbankans. Þann 10. júní 1999 gerðu SFG og Búnaðarbankinn með sér tvo samninga um að bankinn keypti hlutabréf af ýmsum hluthöfum í Ágæti, samkvæmt tilvísun SFG, og skyldi SFG sjálft sjá um að afla undirritunar seljenda á kaupsamninga. Samkvæmt 3. gr. samninganna skuldbatt SFG sig síðan til þess að kaupa allt umrætt hlutafé af bankanum þann 10. ágúst 1999. Var þeirri dagsetningu tvívegis breytt og fresturinn framlengdur til 20. október 1999. Í bréfi Búnaðarbankans til Samkeppnisstofnunar segir að ástæða framlengingarinnar hafi verið sú að bankinn hafi á þessum tíma látið fara fram athugun á því hvort kaup SFG á bréfunum í Ágæti brytu gegn samkeppnislögum. Niðurstaða bankans var sú að þau kaup kynnu að brjóta gegn 18. gr. laganna og því var 3. gr. samninganna ekki látin koma til framkvæmda en Þórhallur Bjarnason keypti bréfin. Fram hefur komið að aðrir aðilar sýndu bréfunum áhuga áður en fyrrnefndri skoðun bankans var lokið.

Þann 24. september 1999 framkvæmdi Samkeppnisstofnun athugun á starfsstöð nokkurra grænmetisfyrirtækja, þ. á m. SFG, á grundvelli dómsúrskurðar vegna gruns um ólögmeitt samráð fyrirtækjanna. Er það mál til meðferðar hjá samkeppnisyfirkvöldum. Að sögn SFG hugði félagið á stofnun nýs, sameinaðs grænmetis- og ávaxtafyrirtækis á árinu, en ákvað að gera hlé á þeim aðgerðum eftir framangreinda athugun Samkeppnisstofnunar sem hófst í september. Þegar því máli er lokið hjá samkeppnisyfirkvöldum hyggst SFG kanna hvort og þá með hvaða hætti því sameiningarferli verði haldið áfram.

2.

Í máli þessu er um það að ræða að fyrirtækið Grænmeti keypti öll hlutabréf í grænmetisdreifingunni Ágæti. Í 18. gr. samkeppnislaga segir, að telji samkeppnisráð að samruni fyrirtækja eða yfirtaka fyrirtækis á öðru fyrirtæki

leiði til markaðsyfírráða þess, dragi verulega úr samkeppni og sé andstæð markmiði samkeppnislaga geti ráðið ógilt samruna eða yfirtöku. Árið 1994 yfirtók Ágæti allan rekstur Grænmetis, eignir þess og skuldir, en Grænmeti hafði áður dreift grænmeti og ávöxtum til verslana og veitingahúsa. Þannig hefur Grænmeti ekki verið með neinn rekstur síðast liðin ár og keypti Þórhallur Bjarnason hlutafélagið í því formi í október sl. af Aðalsteini Guðmundssyni, sem nú er sölustjóri Ágætis. Þegar af þeirri ástæðu að Grænmeti hefur ekki haft með höndum neina starfsemi á markaði er ljóst að kaup Grænmetis á hlutabréfum í Ágæti hefur ekki skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 18. gr. samkeppnislaga.

Í ljósi forsögu málsins hefur þeirri spurningu verið beint að aðilum málsins hvort SFG, eða önnur fyrirtæki á markaði fyrir framleiðslu, innflutning og dreifingu á grænmeti eða ávöxtum, hafi með nokkrum hætti, beint eða óbeint, komið að kaupum Þórhalls Bjarnasonar, eða Grænmetis, á Ágæti. Hafa allir aðilar svarað því neitandi. Í ljósi þessa og með hliðsjón af þeim gögnum sem liggja fyrir í þessu máli er það því mat samkeppnisráðs, að ekki sé ástæða til íhlutunar á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga vegna kaupa Grænmetis á hlutabréfum í Ágæti.

III.

Ákvörðunarorð:

„Miðað við gögn málsins telur samkeppnisráð ekki ástæðu til að hafast að á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga vegna kaupa Grænmetis ehf. á hlutabréfum í Ágæti hf. Komi síðar fram breytingar á þeim forsendum sem mál þetta er byggt á verður það tekið til meðferðar á ný.“

Bókun Atla Freys Guðmundssonar og Ólafs Björnssonar:

„Af gögnum málsins teljum við ástæðu til að ætla að SFG, Búnaðarbankinn og Þórhallur Bjarnason hafi haft með sér samráð til þess að tryggja að SFG öðlist innan tíðar yfírráð yfir Ágæti. Jafnframt hafi þessir aðilar komið í veg fyrir að önnur fyrirtæki gætu eignast Ágæti. Við greiðum því ekki atkvæði.“